

Aðalfundur FTAT

Félags tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

Þriðjudaginn 6.mái 2025, kl.18:30

Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík, [salur:SETRID](#).

- Fundarsetning.** Sandra formaður býður félagsmenn velkomna og leggur til að Kristbjörg skrifstofustjóri verði fundarstjóri. Fundurinn samþykkir. Kristbjörg býður allar velkomnar. Byrjað er á matnum sem samanstendur af beikonvöfðum kjúklingabringum og sítrónuterta með marengs í dessert.
- Fundargerð síðasta aðalfundar.** Samþykkt af fundinum að það er nóg að hún liggi á heimasíðunni og er ekki lesin upp.
- Skýrsla formanns.** Sandra formaður flutti skýrslu formanns. Í lok þess árétti Kristbjörg að það er bara eitt netfang hjá félaginu, ftat@ftat.is
- Reikningar félagsins f. 2024 lagðir fram af Söndru formanni.**
- Umræða um skýrslu formanns og reikninga.** Ein spurning barst úr sal hvort að uppgjör á orlofshúsum væri sameiginlegt með Húsafell og Akureyri. Kristbjörg svaraði því að já, það er sameiginlegt uppgjör. Salurinn samþykkir reikninga félagsins f. 2024.
- Lagabreytingar. Engar tillögur að lagabreytingum.**
- Kosning formanns.** Engin framboð bárust en Sandra býður sig fram til áframhaldandi setu og salurinn samþykkir.
- Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns.** Auður Sandra og Alma Dögg voru kosnar í stjórn 2023 og 2021 og bjóða nú kost á sér áfram, salurinn samþykkir. Varamenn eru tveir, Magga Lena og Alexandra enn nú bíður Alexandra sig ekki fram til áframhaldandi setu. Sandra útskýrir til hvers varamenn eru og að það hefur aldrei þurft að grípa til þess ráðs að kalla inn varamenn. Jóhanna Edith býður sig fram.
- Ákvörðun um félagsgjald.** Samþykkt að það verði áfram 1%.

10. Þóknun stjórnar kvenna. Var hækkað í fyrra skv. Kristbjörgu. Samþykkt að halda óbreytt. (kr. 25.000/30.000 fyrir ritara per fund). Umræður spunnust um fundarhaldið og Sandra sagði frá því að það væri reynt að halda færri fundi með mörgum málum en þ.a.l. væri hver fundur í ca. 4 tíma. Stjórnarkonur útskýrðu að það væri ekki verið að standa í þessu tímakaupsins vegna heldur af áhuga og ástríðu. Hins vegar yrði að vera umbun annars fengist aldrei neinn í þetta.

11. Kosning í trúnaðarráð og kosning skoðunarmanna. Skoðunarmenn eru Arnbjörg Finnbogadóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Lilja Tómasdóttir. Þær bjóða sig allar fram til áframhaldandi setu. Í trúnaðarráði sitja Hrefna Kristín, Jóhanna Edith og Ragnhildur Benediktsdóttir. Hrefna Kristín hefur sagt sig úr félaginu og Jóhanna Edith er orðin varamaður þannig að það vantar tvær í trúnaðarráð. Sandra útskýrir tilgang trúnaðarráðs sem eins konar buffer á milli stjórnar og félagsins. Eins í stórum málum þar sem stjórnin gæti þurft að leita ráða hjá trúnaðarráði. Guðmunda og Halla Guðrún bjóða sig fram.

12. Launakönnun niðurstöður. Sandra útskýrir niðurstöður launakönnunnar sem kemur svo inná heimasíðu á morgun. Ein spurning barst úr sal varðandi þrepaskiptingu og fjölda í hverju þrepi, s.s. hversu margir félagsmenn tilheyra hverju launaprepi. Sandra mun finna þær upplýsingar og Kristbjörg bætir því við inná heimasíðunni. Aðrar spurningar bárust ekki en beðið var um að staðið yrði og klappað fyrir stjórninni fyrir vel unnin störf.

13. Kjarasamningar kynning. Kynning á helstu atriðum í nýjum kjarasamningi fór fram inn í skýrslu formanns undir lið 3.

14. Önnur mál. Spurt um Hagvaxtaraukningu og var það gróflega útskýrt þannig að það tengist hagvexti í landinu á kjarasamnings tímabilinu. Sérstök nefnd mun reikna út hagvöxt í landinu og fari hann yfir ákveðið prósentustig fær launafólk uppbót á launin sín.

Joel Sæmundsson leikari fór með “fyrirlestur” á meðan desertin var borin fram.